

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 409/2013**

2014/EES/12/30

frá 3. maí 2013

**um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarháttanna og um
tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um
rekstrarstjórnun flugumferðar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu ⁽¹⁾ einkum 15. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Regluramminn fyrir samevrópska loftrýmið tekur til ráðstafananna sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ⁽²⁾.
- 2) Beiting reglurammans fyrir samevrópska loftrýmið skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna í samræmi við 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 3) Í orðsendingu sinni frá 22. desember 2011 ⁽³⁾ tilkynnti framkvæmdastjórnin um þá fyrirætlun sína að setja fram stjórnunarháttanna- og hvatafyrirkomulag í tengslum við útfærslu rannsóknna og þróunar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar í samevrópska loftrýminu (e. *Single European Sky Air Traffic Management Research and development* – SESAR-verkefnið) sem byggist á 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004. Þetta fyrirkomulag felur í sér sameiginleg verkefni, sem skulu styðja við árangursríka framkvæmd mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar, leiðbeiningar um sameiginleg verkefni, sem skulu setja bindandi ramma um það hvernig sameiginleg verkefni geta stutt við slíka framkvæmd og fyrirkomulag um stjórnunarháttanna, sem tryggir tímanlega, samræmda og samstillta útfærslu með því að setja fram skýra skiptingu ábyrgðarsviða meðal hagsmunaaðila.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 4.5.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 28/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ COM(2011) 923, lokagerð.

4) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 550/2004 er að aðstoða loftrýmisnotendur og veitendur flugleiðsöguþjónustu við að bæta sameiginleg grunnvirki flugleiðsögu, að veita flugleiðsöguþjónustu og að nota loftrými með því að hafa samstarf um sameiginleg verkefni. Markmiðið er einnig að hraða útfærslu SESAR-verkefnisins.

5) SESAR-verkefnið er sett fram til að nútímavæða evrópska kerfið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Verkefnið er tæknileg undirstaða framtaksverkefnisins um samevrópskt loftrými.

6) SESAR-verkefnið felur í sér þrjú áfangar: skilgreiningaráfangar, þar sem skilgreint er inntak næstu kynslóðar kerfa fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, þróunaráfangar, þar sem þróuð er og fullgilt ný kynslóð tæknikerfa, íhluta og verklagsreglna, og útfærsluáfangar, sem felur í sér iðnvæðingu og framkvæmd nýju kerfanna fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

7) Evrópska mynsturáætlunin um rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM)(hér á eftir nefnd „mynsturáætlunin um rekstrarstjórnun flugumferðar“), sem var útbúin innan skilgreiningaráfangar SESAR-verkefnisins, er samþykkt áætlun um að færa rannsóknir og þróun á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar yfir í útfærsluáfangann.

8) Í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar er lýst í grófum dráttum þeim mikilvægu, rekstrarlegu breytingum sem nauðsynlegar eru til að ná frammistöðumarkmiðum samevrópska loftrýmisins. Hún er mikilvægt tæki fyrir útfærslu SESAR-verkefnisins og skapar grunn fyrir tímanlega, samræmda og samstillta útfærslu nýrra aðgerða innan rekstrarstjórnunar flugumferðar.

9) Við gerð útfærslumarkmiða og -fargangsverkefna skal einnig taka tillit til mismunandi þátta hjá starfsemi neta, eins og skilgreint er í skipulagsáætlun neta, sem felur í sér frammistöðumarkmið í samræmi við

frammistöðumarkmið gervalls Evrópusambandsins og fyrirhugaðar aðgerðir til að uppfylla markmiðin, og í aðgerðaráætlun neta, eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 ⁽⁴⁾.

- 10) Tímanleg, samræmd og samstillt útfærsla SESAR-verkefnisins er mikilvæg til að ná frammistöðumarkmiðum samevrópska loftrýmisins og heildarefnahagslegum ávinningi sem vænta má af nútímavæðingu rekstrarstjórnunar flugumferðar.
- 11) Sameiginleg verkefni, sem kveðið er á um í 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004, skulu styrkja frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN) og sýna fram á jákvæða heildarkostnaðar- og ábatagreiningu, að teknu tilliti til hugsanlegra neikvæðra áhrifa á tiltekin svæði eða tiltekna hagsmunaaðila.
- 12) Til að tryggja tímanlega, samræmda og samstillta framkvæmd og vöktun sameiginlegra verkefnanna og hámarksnýtingu þeirra tækja og aðila sem tilgreindir eru í regluramma samevrópska loftrýmisins, skal ákvarða stjórnunarhátti fyrir útfærslu SESAR-verkefnis.
- 13) Til að stýra útfærslu SESAR-verkefnisins á skilvirkan hátt og tryggja trúverðugleika útfærsluferlisins, skulu hagsmunaaðilar í rekstri, sem bera ábyrgð á frammistöðu kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, taka þátt í stjórnunarháttum útfærslunnar.
- 14) Hagsmunaaðilar í rekstri, sem fjárfesta í útfærslu SESAR-verkefnisins, skulu gegna forystuhlutverki í stjórnun og framkvæmd á útfærslu starfseminnar, helst fyrir tilstuðlan eins aðila, á sama tíma og komið er í veg fyrir hvers konar hagsmunaárekstra.
- 15) Framleiðsluiðnaðurinn skal gegna ráðgjafarhlutverki við útfærslu SESAR-verkefnisins til að tryggja samkvæmni við iðnvæðingu og að búnaður sé aðgengilegur á réttum tíma.
- 16) Framkvæmdastjórnin skal hafa umsjón með starfsemi við útfærslu og ganga úr skugga um að markmiðum samevrópska loftrýmisins sé fylgt og tryggja hagsmuni almennings, með því að koma á fót viðeigandi skýrslugjafar- og vöktunarkerfi sem hámarkar nýtingu fyrirbyggjandi stjórnartækja, t.d. Evrópuáætlunar og svæðisbundinnar áætlunar um að koma á fót samevrópsku loftrými (e. *European and Local Single Sky Implementation – ESSIP og LSSIP*) (áætlun og skýrsla um ESSIP og LSSIP-skjöl).
- 17) Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina um samevrópskt loftrými að fullu um ferlið við skipun í útfærslustjórn, um samþykki útfærsluáætlunar og val á framkvæmdarverkefnum. Hafa skal samráð við nefndina um samevrópskt loftrými um þessi málefni, án þess að það hafi áhrif á reglur og málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í viðeigandi fjármögnunaráætlunum Sambandsins.
- 18) Evrópusamtök um búnað í almenningsflugi (Eurocae), sem framleiða tæknilegt efni og annast undirbúnings- og

fylgivinnu í tengslum við Evrópustaðla, skulu aðstoða framkvæmdastjórnina við að vakta og greiða fyrir ferli stöðlunar ásamt því að stuðla að notkun Evrópustaðla.

- 19) Jafnvel þótt útfærsla SESAR-verkefna í tengslum við hernað verði áfram á ábyrgð hlutaðeigandi ríkja, skal vera fyrir hendi samræming við herinn til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á varnargetu.
- 20) Til að hvetja til tímanlegra fjárfestinga hagsmunaaðila og milda þá þætti útfærslunnar sem eru ekki eins hagkvæmir að því er varðar kostnaðar- og ábatagreiningu, skulu framkvæmdarverkefni, sem miða að því að útfæra sameiginleg verkefni, vera aðstoðarhæf fyrir fjármögnun Sambandsins og aðra hvata, í samræmi við reglur og málsmeðferðarreglur fjármögnunaráætlana og hvatakerfa Sambandsins.
- 21) Eftir því sem mögulegt er skal leitast við að ná samlegðaráhrifum á milli útfærslu SESAR-verkefnis og starfræna loftrýmisumdæma (FAB).
- 22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENNAR MEGINREGLUR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru skilgreind sameiginlegu verkefni, sem um getur í 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004, útskýrt hvernig þeim skal stýrt og tilgreindir hvatar við útfærslu þeirra.
2. Reglugerð þessi gildir um evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð skulu gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 677/2011.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „sameiginlega fyrirtækið SESAR“: aðili sem er komið er á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 219/2007 ⁽⁵⁾ og er falið að stjórna og samræma þróunaráfanga SESAR-verkefnisins,
- 2) „gjaldtökukerfi“: kerfi sem komið er á fót með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006 ⁽⁶⁾,

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 341, 7.12.2006, bls. 3.

- 3) „aðgerðir rekstrarstjórnunar flugumferðar“: ýmis verkefni eða þjónusta innan rekstrarstjórnunar flugumferðar sem tengjast flugleiðum, stjórnun loftrýma og yfirborðs (e. *surface management*) eða sem tengjast upplýsingaskiptum innan rekstrarumhverfis þar sem sinnt er leiðarflugi, aðflugi, flugvöllum eða netaðgerðum,
- 4) „útfærsla SESAR-verkefnis“: starfsemi og ferli sem tengjast iðnvæðingu og framkvæmd aðgerða rekstrarstjórnunar flugumferðar og tilgreind eru í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar,
- 5) „iðnvæðing“ aðgerða rekstrarstjórnunar flugumferðar: aðgerðir og ferli sem, í kjölfar fullgildingar þeirra, fela í sér stöðlun, vottun og framleiðslu af hálfu framleiðsluiðnaðarins (framleiðendur búnaðar í loftfar og á jörðu niðri),
- 6) „framkvæmd“ aðgerða rekstrarstjórnunar flugumferðar: kaup, uppsetning og að taka í notkun búnað og kerfi, þ.m.t. tengdar verklagsreglur sem hagsmunaaðilar í rekstri innleiða,
- 7) „mikilvægar rekstrarlegar breytingar“: rekstrarlegar breytingar á rekstrarstjórnun flugumferðar, sem færa hagsmunaaðilum í rekstri umtalsverðar úrbætur á frammistöðu neta, eins og um getur í mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar,
- 8) „frammistöðukerfi“: kerfi sem komið er á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 (7),
- 9) f) „frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu“: markmiðin sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2010,
- 10) „hagsmunaaðilar í rekstri“: loftrýmisnotendur, veitendur flugleiðsöguþjónustu og rekstraraðilar flugvalla, bæði borgaralegir og hernaðarlegir.

3. gr.

Mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar

1. Mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar er áætlun um nútímavæðingu kerfa fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í Evrópu og tengir rannsókn- og þróunarstarfsemi SESAR-verkefnis við útfærsluna. Hún er mikilvægt tæki í samevrópska loftrýminu með tilliti til samfellds rekstrar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og tímanlegar, samræmdrar og samfelldrar útfærslu á SESAR-verkefni.
2. Uppfærsla mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar skal stuðla að því að ná frammistöðumarkmiðum í gervöllu Evrópusambandinu og viðhalda samræmi á milli þessara markmiða, útfærslu á SESAR-verkefni og starfsemi í tengslum við SESAR-verkefni á sviði rannsókna, þróunar, nýsköpunar og fullgildingar. Í þessum tilgangi skal í uppfærslu mynsturáætlunar um rekstrarstjórnun flugumferðar taka tillit til skipulagsáætlunar netanna og aðgerðaráætlunar þeirra.

II. KAFLI

SAMEIGINLEG VERKEFNI

4. gr.

Tilgangur og inntak

1. Sameiginleg verkefni skulu miða að tímanlegri, samræmdri og samstilltri útfærslu á aðgerðum rekstrarstjórnunar flugumferðar sem mun gera kleift að gera nauðsynlegar rekstrarlegar breytingar.
2. Sameiginleg verkefni skulu vera í samræmi við og stuðla að því að frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu náist.
3. Í sameiginlegum verkefnum skal tilgreina aðgerðir rekstrarstjórnunar flugumferðar sem:
 - a) hafa náð viðeigandi stigi iðnvæðingar og eru tilbúin til framkvæmdar,
 - b) krefjast samstilltrar útfærslu.
4. Sýna skal fram á að aðgerðir rekstrarstjórnunar flugumferðar séu tilbúnar, m.a. á grundvelli niðurstöðu fullgildingar, sem fer fram af hálfu sameiginlega fyrirtækisins SESAR, stöðu stöðlunar- og vottunarferla og mats á rekstrarsamhæfi þeirra, sem og í tengslum við hnattræna flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og viðeigandi efni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
5. Nauðsyn samstilltrar útfærslu á aðgerðum rekstrarstjórnunar flugumferðar skal metin á grundvelli:
 - a) skilgreiningar á landfræðilegu gildissviði og skipulagi hennar, þ.m.t. dagsetningar útfærslumarkmiða,
 - b) tilgreiningar hagsmunaaðila í rekstri sem eiga að útfæra þær,
 - c) umbreytingarráðstafana við útfærslu þeirra í áföngum.
6. Í sameiginlegum verkefnum skal einnig:
 - a) sýna fram á arðbært viðskiptalíkan fyrir evrópskt net fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar á grundvelli óháðrar kostnaðar- og ábatagreiningar og skilgreina öll hugsanleg staðbundin eða svæðisbundin neikvæð áhrif á alla tiltekna hóp hagsmunaaðila í rekstri,
 - b) greina hvata fyrir útfærsluna, sem um getur í 3. þætti í III. kafla, einkum til að milda neikvæð áhrif á tiltekin landsvæði eða hóp hagsmunaaðila í flugrekstri,
 - c) vísa til framkvæmdarreglna um rekstrarsamhæfi og öryggi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 (8) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (9); einkum skal vísa

(8) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

(9) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(7) Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.

til Bandalagsforskrifta, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 552/2004, og viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur og nákvæmar vottunarforskriftir, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008,

- d) tilgreina hvers konar þörf á nýjum framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi og öryggi, Bandalagsforskriftir og borgaralega staðla til að styðja við útfærslu þeirra og meta að hve miklu leyti þau gilda um hernað með tilliti til jafngildi borgaralegra og hernaðarlegra kerfa og
- e) taka til greina viðeigandi útfærsluatriði sem er að finna í aðgerðar- og skipulagsáætlun neta netstjórnandans.

5. gr.

Undirbúningur, samþykkt og framkvæmd

1. Framkvæmdastjórnin skal gera tillögur um sameiginleg verkefni í samræmi við kröfur 4. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar netstjórnanda, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðila sem metur frammistöðu, eftir valdsviði og hlutverki hvers og eins, eins og það er skilgreint í reglurammanum fyrir samevrópska loftrýmið, og sameiginlega fyrirtækisins SESAR, Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, stofnana um Evrópustaðla, Evrópusamtaka um búnað í almenningsslugi og útfærslustjórnar. Þessir aðilar skulu óska eftir þátttöku hagsmunaaðila í rekstri og iðnaðarins.
3. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hagsmunaaðila, í samræmi við 6. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, um tillögur sínar um sameiginleg verkefni, innan síns valdsviðs, þ.m.t. fyrir tilstuðlan Varnarmálastofnunar Evrópu, til að greiða fyrir samræmingu hernaðarlegra sjónarmiða, og við samráðshóp sérfræðinga um félagsleg áhrif samevrópska loftrýmisins.
4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að loftrýmisnotendur og hagsmunaaðilar í flugrekstri á jörðu niðri, sem krafist er að framkvæmi tiltekin sameiginleg verkefni, styðji tillögur um sameiginleg verkefni. Í þessu skyni skulu loftrýmisnotendur koma á fót hópi sem er skipaður fulltrúum loftrýmisnotenda.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja sameiginleg verkefni og hvers konar breytingar á þeim í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004.
6. Sameiginleg verkefni skulu framkvæmd fyrir tilstuðlan framkvæmdarverkefna og í samræmi við útfærsluáætlunina sem er tilgreind í 2. þætti í III. kafla.

6. gr.

Vöktun

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta framkvæmd sameiginlegra verkefna og áhrif þeirra á frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með sérstakri skýrslugjafarskyldu. Framkvæmdastjórnin skal setja fram þessar kröfur innan ramma samstarfsins sem um getur í 5. mgr. 9. gr.

2. Við vöktun á skilvirkni sameiginlegra verkefna, að því er varðar frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, skal framkvæmdastjórnin nýta sem best fyrirbyggjandi stjórn tæki til vöktunar og skýrslugjafar og skal einkum njóta aðstoðar netstjórnandans og aðilans sem metur frammistöðu, í samræmi við reglugerðir (ESB) nr. 677/2011 og (ESB) nr. 691/2010, og Flugöryggisstofnunar Evrópu að því er varðar öryggissjónarmið.

3. Upplýsa skal nefndina um samevrópskt loftrými um framkvæmd sameiginlegra verkefna.

III. KAFLI

STJÓRNUNARHÆTTIR VIÐ ÚTFÆRSLU OG HVATAR

1. ÞÁTTUR

Stjórnunarhættir við útfærslu

7. gr.

Almennar meginreglur

1. Stjórnunarhættir við útfærslu skulu tryggja tímanlega, samræmda og samstillta framkvæmd sameiginlegra verkefna á sama tíma og mynduð eru tengsl við iðnvæðinguna og greitt fyrir henni.
2. Stjórnunarhættir við útfærslu skiptast í þrjú stig: stefnumótunarstig, stjórnunarstig og framkvæmdarstig.

8. gr.

Stefnumótunarstig

1. Stefnumótunarstigið skal bera ábyrgð á útfærslu SESAR-verkefnis, tryggja að það samrýmist reglurammanum um samevrópska loftrýmið og standa vörð um almannahagsmuni.
2. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á stefnumótunarstiginu, einkum að því er varðar:
 - a) að undirbúa og samþykkja sameiginleg verkefni í samræmi við 5. gr.,
 - b) að skipa í útfærslustjórn, samþykkja útfærsluáætlun og velja framkvæmdarverkefni,
 - c) að stjórna fjármagni Sambandsins til styðja við útfærslustjórnina og framkvæmdarverkefnin,
 - d) að tilgreina hvata fyrir útfærslu SESAR-verkefnis og framfylgja rammasamstarfssamningi, sem gerður er við útfærslustjórn í samræmi við 5. mgr. 9. gr., og hvers konar viðeigandi samningum um framkvæmdarverkefni,
 - e) að stuðla að þátttöku borgaralegra og hernaðarlegra hagsmunaaðila,
 - f) að þróa samstarf og samræmingu við þriðju lönd,

- g) að koma á samræmi við stöðlunar- og vottunarstofnanir og -aðila til að greiða fyrir iðnvæðingu og stuðla að rekstrarsamhæfi aðgerða rekstrarstjórnunar flugumferðar,
- h) að vakta útfærslu sameiginlegra verkefna og framlag þeirra til að ná frammistöðumarkmiðum í gervöllu Evrópu-sambandinu,
- i) að gefa út tilmæli til hagsmunaaðila í rekstri og aðildarríkja.

3. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um samevrópskt loftrými, samráðshóps um flugsamgöngur, samráðshóps sérfræðinga um félagsleg áhrif samevrópska loftrýmisisins, landsbundinna eftirlitsyfirvalda og aðila sem metur frammistöðu, í samræmi við hlutverk hvers þeirra og valdsvið, eins og það er skilgreint í reglurammanum fyrir samevrópska loftrýmið. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ráðfæra sig við nefndina um samevrópskt loftrými um öll málefni sem varða beitingu þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal einnig leita til eftirfarandi aðila, í samræmi við valdsvið þeirra og hlutverk:

- a) Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu, fyrir tilstuðlan samstarfsfyrirkomulags milli Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu og Sambandsins, og nýta til fulls sérþekkingu stofnunarinnar og samevrópskt borgaralegt og hernaðarlegt valdsvið hennar,
- b) Varnarmálastofnunar Evrópu, til að greiða fyrir og styðja við samræmingu hernaðarlegra sjónarmiða aðildarríkjanna og viðkomandi alþjóðlegra hermálastofnana um útfærslu SESAR-verkefnis og upplýsa hernaðarlegt skipulagsfyrirkomulag um kröfur sem stafa af útfærslu SESAR-verkefnis,
- c) Flugöryggisstofnunar Evrópu, til að tryggja að öryggismál séu samþætt framkvæmd sameiginlegra verkefna, einkum við þróun á tilskildum tæknireglum, t.d. í tengslum við hönnun, framleiðslu og viðhald kerfa og íhluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu sem og fyrir starfsfólk og stofnanir sem málið varðar,
- d) sameiginlega fyrirtækisins SESAR, til að tryggja samfellu á milli starfsemi í tengslum við SESAR-verkefni á sviði rannsókna, þróunar, nýsköpunar og fullgildingar og útfærslu SESAR-verkefnis og til að tryggja að sameiginleg verkefni og útfærsluáætlunin samrýmist mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar,
- e) evrópskra staðlastofnana og Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi, einkum til hinnar síðarnefndu til að greiða fyrir og vakta stöðlunarferli í iðnaðinum og notkun þeirra staðla sem af því leiðir.

9. gr.

Stjórnunarstig

1. Útfærslustjórnin skal bera ábyrgð á stjórnunarstigi.
2. Útfærslustjórnin skal einkum bera ábyrgð á:
 - a) að þróa, gera tillögur um, viðhalda og framkvæma útfærsluáætlunina í samræmi við 2. þátt,
 - b) að starfa með hagsmunaaðilum í rekstri, sem gerð er krafa um að framkvæmi sameiginlegu verkefni,
 - c) að koma á fót kerfi og ákvarðanatökufærli sem tryggja skilvirka samstillingu og heildarsamræmingu framkvæmdarverkefna og tengdra fjárfestinga í samræmi við útfærsluáætlunina,
 - d) að tryggja skilvirka stjórnun áhættu og hagsmunaárekstra,
 - e) að ráðleggja framkvæmdastjórninni um málefni sem varða framkvæmd sameiginlegra verkefna og undirbúa ný, sameiginleg verkefni,
 - f) að koma ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar í framkvæmd og tryggja og vakta að framkvæmdarstigið hrindi þeim í framkvæmd,
 - g) að tilgreina fjármögnunarfyrirkomulagið sem hentar best og sameina opinbert fjármagn og einkafjármagn,
 - h) að vakta framkvæmd útfærsluáætlunarinnar,
 - i) að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu,
 - j) að tryggja viðeigandi samræmingu við landsbundin eftirlitsyfirvöld.
3. Útfærslustjórnin skal skipuð nokkrum hópum hagsmunaaðila í rekstri eða einstökum hagsmunaaðilum í rekstri, þ.m.t. frá þriðju löndum, samkvæmt skilyrðunum sem skilgreind eru í viðkomandi fjármögnunaráætlunum Sambandsins. Hagsmunaaðilum í rekstri er heimilt að taka þátt í störfum útfærslustjórnar fyrir tilstuðlan skipulags starfrænna loftrýmisumdæma.
4. Útfærslustjórnin skal m.a. sýna fram á hæfni sína til:
 - a) að vera fulltrúi fyrir hagsmunaaðila í rekstri, sem gerð er krafa um að framkvæmi sameiginleg verkefni,
 - b) að stjórna fjölþjóðlegum framkvæmdaráætlunum,
 - c) að skilja fjármögnun og fyrirkomulag fjármögnunar og stjórnun fjárhagsáætlana og
 - d) að nota fyrirliggjandi skipulag til að ná til allra hagsmunaaðila í rekstri.

5. Val á þeim aðilum sem framkvæmdastjórnin skipar í útfærslustjórn skal vera á forni rammasamstarfs í kjölfar auglýsingar eftir tillögum í samræmi við 178. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 frá 29. október 2012 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins ⁽¹⁰⁾ (reglur um beitingu). Í auglýsingu eftir tillögum skal skilgreina markmið, kröfur og viðmiðanir fyrir vali á þeim aðilum skipa útfærslustjórnina í samræmi við reglur um beitingu. Upplýsa skal nefndina um samevrópskt loftrými um ferlið við val á aðilum í útfærslustjórnina.

6. Þeir sem skipa útfærslustjórnina skulu hrinda í framkvæmd a.m.k. einu framkvæmdarverkefni eða hluta þess.

7. Útfærslustjórnin skal gera viðeigandi samstarfsfyrirkomulag við netstjórnandann, sameiginlega fyrirtækið SESAR og herinn. Viðeigandi samstarfsfyrirkomulag skal lagt fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis. Samstarfið skal vera eins og hér segir:

a) útfærslustjórnin og netstjórnandinn skulu starfa saman til að tryggja að verkefni þeirra séu unnin án þess að um tvíverknað eða samkeppni sé að ræða, einkum að því er varðar útfærsluþætti sem hafa áhrif á netgrunnvirki, skipulag loftrýmis og frammistöðu ásamt því að halda samræmi við skipulagsáætlun neta og aðgerðaráætlun neta; netstjórnandinn skal einnig styðja við þá sem skipa útfærslustjórnina, í samræmi við i-lið 1. mgr. 4. gr. og b-lið 3. mgr. 4. gr. í reglugerð (ESB) nr. 677/2011, innan þess valdsviðs sem hann hefur,

b) útfærslustjórnin skal starfa með sameiginlega fyrirtækinu SESAR til að tryggja nauðsynlegar tengingar á milli starfsemi í tengslum við SESAR-verkefni á sviði rannsókna, þróunar, nýsköpunar og fullgildingar og útfærslu SESAR-verkefnis og hafa samráð við sameiginlega fyrirtækið SESAR um forgangsmál og framvindu innan þróunaráfangans um málefni sem tengjast iðnvæðingu og til að tryggja samræmi við mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar,

c) útfærslustjórnin skal samræma starfsemi sína við störf hersins til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landsbundna og sameiginlega varnargetu.

8. Útfærslustjórnin skal taka viðeigandi tillit til álits aðilanna, sem um getur í 7. mgr., í ákvörðunum sínum sem kann að hafa áhrif á starfsemi þessara aðila.

9. Ef ósamkomulag verður á milli útfærslustjórnarinnar og aðilanna, sem um getur í 7. mgr., skal útfærslustjórnin leggja málið fyrir framkvæmdastjórnina til ákvörðunar. Útfærslustjórnin skal fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

10. Útfærslustjórnin skal leita eftir aðstoð framleiðslu-iðnaðarins fyrir tilstuðlan samstarfsfyrirkomulags, þar sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um það, um að fá m.a. upplýsingar um iðnvæðingu vara.

11. Með fyrirvara um aðgengi að fjármagni og samkvæmt skilyrðunum, sem sett eru fram í viðeigandi fjármögnunaráætlun Sambandsins, skal framkvæmdastjórnin eingöngu veita útfærslustjórninni fjárstuðning til að framkvæma verkefni sem um getur í 2. mgr.

10. gr.

Frankvæmdarstig

1. Frankvæmdarstigið felur í sér framkvæmdarverkefni sem framkvæmdastjórnin velur til að hrinda í framkvæmd sameiginlegum verkefnum í samræmi við útfærsluáætlunina.

2. Framkvæmdastjórnin skal velja framkvæmdarverkefni með því að auglýsa eftir tillögum til að framkvæma útfærsluáætlunina og í samræmi við reglur og málsmeðferðarreglur viðeigandi fjármögnunaráætlana Sambandsins.

3. Tillögur um framkvæmdarverkefni skulu taka tilhlýðilegt tillit til þess hversu langt iðnvæðingarferli þessara verkefna er komið, á grundvelli upplýsinga sem framleiðslu-iðnaðurinn lætur í té, einkum um áhrif framkvæmdarverkefnanna á núverandi kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar, hvort þau séu framkvæmanleg í tæknilegu tilliti, kostnaðarmat og áætlanir fyrir tæknilegar lausnir.

4. Framkvæmdarverkefni og útfærsla þeirra skulu uppfylla skilyrðin sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

2. ÞÁTTUR

Útfærsluáætlun

11. gr.

Tilgangur

1. Útfærsluáætlunin skal fela í sér yfirgrípsmikla og skipulagða vinnuáætlun yfir alla nauðsynlega starfsemi svo unnt sé að innleiða tæknibekkingu, verklag og bestu starfsvenjur, sem krafist er varðandi framkvæmd sameiginlegu verkefnanna. Með henni skal skipuleggja þessa starfsemi í framkvæmdarverkefni og tilgreina áhættur þeim tengdum og aðgerðir til mildunar áhættu, landfræðilegt gildissvið, tímaramma og þá hagsmunaaðila í rekstri sem bera ábyrgð á framkvæmd verkefnanna.

2. Útfærsluáætlunin skal fela í sér vísun til starfs á sviði stjórnunar- og framkvæmdarstigsins.

3. Útfærsluáætlunin skal vera hluti af rammasamstarfs-samningi og skulu þeir sem skipa útfærslustjórnina skuldbundnir til að framkvæma hana.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1.

12. gr.

Stofnun og framkvæmd

1. Útfærslustjórnin skal leggja tillögu um útfærsluáætlun og hvers konar tillögur að breytingum á henni fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis.
2. Við undirbúning tillögu um útfærsluáætlun eða tillögu um breytingu á henni, skal útfærslustjórnin hafa samstarf við netstjórnandann, sameiginlega fyrirtækið SESAR og herinn í samræmi við 7. mgr. 9. gr.
3. Við samþykkt hvers sameiginlegs verkefnis skal framkvæmdastjórnin fara fram á það við útfærslustjórnina að hún breyti útfærsluáætluninni.

3. ÞÁTTUR

Hvatar

13. gr.

Fjármögnun Sambandsins

1. Fjármögnun Sambandsins til að styðja við útfærslu SESAR-verkefnis skal beinast að framkvæmdarverkefninum, sem kveðið er á um í 10. gr., sem hljóta fjármögnum Sambandsins í samræmi við reglur og málsmeðferðarreglur viðkomandi fjármögnunaráætlana Sambandsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal gera samningsbundið fyrirkomulag um framkvæmdarverkefnin sem hljóta fjármögnun

Sambandsins. Í þessu fyrirkomulagi skal tilgreina viðurlög ef útfærsluáætlunin og framkvæmdarverkefnin eru ekki framkvæmd.

14. gr.

Aðrir hvatar

1. Heimilt er að tilgreina hvata, í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 1794/2006 og (ESB) nr. 691/2010, í tengslum við útfærslu SESAR-verkefnis þegar tekin er ákvörðun um að koma á fót sameiginlegum verkefnum.
2. Fjármögnun Sambandsins, sem veitt er í samræmi við 13. gr., telst vera „aðrar tekjur“ í samræmi við k-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1794/2006.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd sameiginlegra verkefna eigi síðar en við lok annars viðmiðunartímabilsins sem ákvarðað er í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2010.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO